Morgunblaðið/Gunnlaugur Rögnvaldsson

Íþróttamaður ársins 1986

EÐVARÐ ÞÓR EÐVARÐSSON hefur verið afkastamikill frá því hann setti sitt fyrsta sveinamet í 100 metra baksundi árið 1977. Hann synti vegalengdina þá á 1:22.50 en fram á þennan dag hefur hann sett á annað hundrað Íslandsmet og þar af standa 31 met í dag.

Hann er eini íslenski karlmaðurinn sem hefur átt gildandi met í drengja- pilta- og karlaflokki en þeim árangri náði hann 5. desember 1981, þá 14 ára gamall, er hann synti 100 metra baksund á 1:02.40 mínútum. Met hans í 100 metra baksundi er nú 56.26 sekúndur þannig að hann hefur bætt metið um eina sekúndu á ári frá því 1981.

Eðvarð er fjórði íslenski sundmaðurinn sem átt hefur Norðurlandamet. Hann setti sitt met í fyrra í 200 metra baksundi er hann synti á 2:03.03 mínútum. Þeir sem áður höfðu sett Norðurlandamet voru Sigurður Jónsson í 200 metra bringusundi árið 1950, Hörður Finnsson árið 1964 í 100 metra bringusundi og Guðjón Guðmundsson árið 1972 í 200 metra bringusundi.

Morgunblaðið/Gunnlaugur Rögnvaldsson

ÍSLANDSMET EÐVARÐS 1986

50 METRA BRAUT

200 metra bringusund	(13. júní)	2:31,81
100 metra baksund	(16. ágúst)	57,86
200 metra baksund	(19. ágúst)	2:03,03
200 metra fjórsund	(23. ágúst)	2:10,95
50 metra baksund	(18. ágúst)	27,45

25 METRA BRAUT

50 metra bringusund	(21. desember)	29,60
100 metra bringusund	(12. apríl)	1:05,10
200 metra bringusund	(23. mars)	2:20,72
50 metra baksund	(28. desember)	26,99
100 metra baksund	(12. apríl)	56,26
200 metra baksund	(13. desember)	2:01,61
50 metra flugsund	(28. desember)	26,62
200 metra fjórsund	(13. desember)	2:06,69
400 metra fjórsund	(21. desember)	4:28,30